



Reykjavík, 1. september 2020

SFS2020080119

190. fundur

HG/img

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi seinkun á opnun Langholts eftir sumarleyfi

Á 188. fundi skóla- og frístundaráðs, 18. ágúst 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það hvað var að valda því að ekki var unnt að opna leikskólann Langholt á réttum tíma eftir að sumarleyfum lauk.

Svar:

Talsverðar endurbætur hafa verið gerðar á leikskólanum Langholti m.a. í kiölfar raka og mvglu á suðurgöflum hússins og á útvegg á gangi í millibyggingu sem tengir saman tvær álmur leikskólans en í millibyggingunni er iafnframt mötunevti og aðstaða starfsfólks. Meðal þess sem var gert í þessum áfanga var að skipta út tveimur hliðum leikskólans þ.e. annars vegar á annarri álmunni þar sem eru tvær deildir og hins vegar á millibyggingunni.

Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði lauk framkvæmdum skv. upphaflegri áætlun áður en leikskólinn opnaði eftir sumarleyfi. Hins vegar var ákveðið að fara í viðbótarframkvæmdir og var fyrir séð að bær myndu lengja framkvæmdatíma um fjóra daga. Horft var til þess að hægt yrði að mæta töfunum með því að nota gáma sem komnir voru á staðinn.

Viðbætur við upphaflega framkvæmdaáætlun voru:

- Gólfhiti á deildum
- Skipta um dúk á skrifstofugangi (starfsmannarými)
- Setja loftplötur í skrifstofugang í stað slétts lofts.

Tímalína frá umhverfis- og skipulagssviði var sem hér segir:

- | | |
|-----------|--|
| 16. apríl | Startfundur með verktaka E. Sigurðssyni á verkstað og vill verktaki byrja á framkvæmdum innanhús strax. Ákveðið í samráði við leikskólastjóra að fá gáma til þess að koma til móts við plássleysi við kennslustörf. Verktaki byrjar á viðgerðarvinnu, rif og uppsetning nýrra lofta. |
| 20. apríl | Gámar pantaðir frá Terra |
| 28. apríl | Gámar settir upp norðan við Sunnuborg |
| 6. júlí | Byrjað að rífa úr gamla glugga og setja nýja í. |
| 10. júlí | Verktaki klárar umsamið verk fyrir opnun skólans. |
| 11. ágúst | Verklók á gólfhita. |

Samkvæmt leikskólastjóra urðu tafir á að framkvæmdir hæfust en þær fóru af stað í júní. Hluti leikskólastarfsins fór þá fram í gámahúsnæði tímabundið en var flutt aftur inn í leikskólann þegar hlé var gert á framkvæmdum. Leikskólastjóri fylgdist með framkvæmdum í sumarlokun leikskólans. Miðvikudaginn 5. ágúst ræddi leikskólastjóri við framkvæmdaraðila þar sem hann hafði áhyggjur af því að verkinu yrði ekki lokið fyrir lok sumarleyfisins. Leikskólastjóra var ekki ljóst að reiknað var með fjögurra daga töfum vegna viðbótarframkvæmda og hans skilningur var að öllum verkþáttum yrði lokið fyrir opnun leikskólans sem áætluð var á hádegi þriðjudaginn 11. ágúst.

Föstudaginn 7. ágúst hafði leikskólastjóri samband við skrifstofu skóla- og frístundasviðs vegna efasemda um að hægt yrði að taka á móti öllum börnum þriðjudaginn 11. ágúst. Þá var sett upp áætlun vegna um 40 barna þ.e. um að nýta gámahúsnæðið fyrir hluta barnanna og fá inni fyrir elstu börn leikskólans í Langholtsskóla fram að helginni á eftir.

Á mánudeginum 10. ágúst var það hins vegar mat leikskólastjóra og skrifstofu skóla- og frístundasviðs að of mikið vantaði upp á að tengibygging sem hýsir starfsmannaaðstöðu og mötuneyti yrði tilbúin til að hægt yrði að opna leikskólann. Þeirri hugmynd var velt upp að fá inni fyrir allan hópinn í Langholtsskóla en við nánari skoðun þótti ekki gerlegt að flytja alla starfsemi leikskólans, búnað, leikefni og fleira fyrir þrjá daga.

Einnig kom inn í þetta mat að á þessum tíma var smitum vegna Covid-19 að fjölga og það verkleik komið á að foreldrar kæmu ekki inn í leikskólabyggingu með börnum sínum. Það þótti ekki bjóðandi ungum börnum að koma úr fjögurra vikna sumarleyfi við slíkar aðstæður þ.e. að þurfa að kveðja foreldra sína úti á lóð í ókunnugu umhverfi. Jafnframt var fyrirséð að ekki næðist að móta starf á nýjum stað í bráðabirgðahúsnæði þannig að sóttvörnum starfsfólks yrði fullnægt.

Það var því ákvörðun skóla- og frístundasviðs að fresta opnun leikskólans um þrjá og hálfan dag.